

Fagráð í hrossarækt

58. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg fimmtudagur 29. mars 2012 kl. 10:00.

Mættir: Kristinn Guðnason (formaður), Guðlaugur V. Antonsson (ritari), Víkingur Gunnarsson, Sigurbjartur Pálsson, Ísleifur Jónasson, Gísli Gíslason og Vignir Siggeirsson. Sigrún Ólafsdóttir hafði tilkynnt forföll.

Dagskrá

1. Fundarsetning, lögð fram fundargerð nr. 57 frá 23. febrúar 2012 til samþykktar og undirritunar
2. Kynbótadómarafundur FEIF
3. Aðalfundur FEIF
4. Fundarferð Kristins og Guðlaugs
5. Kynbótasýning í Víðidal
6. Upplestur dómabreytinga á yfirlitssýningum
7. Birting áverkaskráningar
8. Innrömmun brautar, reið og reglur
9. Reglur varðandi erfðagalla
10. Kynbótasýning á landsmóti
11. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Formaður setti fundinn og bar upp fundargerð nr. 57 til samþykktar og undirritunar. Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

2. Kynbótadómarafundur FEIF.

Fundur kynbótadómara FEIF fór fram í Svíþjóð dagana 1. – 2. mars. Alþjóðlegir kynbótadómarar FEIF eru nú 32 þar af 19 á Íslandi. Mættir voru allir erlendu dómarnir og sex af íslensku dómurunum. Margvísleg málefni komu til umræðu s.s. samræming dómsaðstöðu og hvernig bæta mætti reiðmennsku. Rætt var um skráningu aðvarana og áminninga og voru fundarmenn sammála um að full ástæða væri til að gefa áminningar oftar en gert er, ekki síst til að stuðla að betri reiðmennsku. Þá var rætt um áverkaskoðanir og skynsamlega staðsetningu hnakka. Ákveðið var að leggja ekki til neinar breytingar hvað varðaði beislabúnað á kynbótasýningum. Talsverðum tíma var varið í umræður um unghrossadóma og sýndist sitt hverjum um gagnsemi slíkra dóma. Þá var allnokkur umræða um túlkun ýmissa atriða í dómaskalanum og vinnureglur dómara. Mikil umræða varð um þýðingar krossa á dómblöðum og nokkur vinna lögð í samræmingu þar á. Samdóma álit var að íslenska dómblaðið skyldi lagt til grundvallar á því þyrfti engu að breyta utan að taka út ”mikil fótahreyfing” á skeiði, æskilegra íslenskt orð væri ”tilþrifamikið”. Þá var álit fundarins að þörf væri á nákvæmari skilgreiningum hvað varðaði réttleikadóma ætti árangur að nást við bætingu þess eiginleika.

3. Aðalfundur FEIF.

Aðalfundur FEIF var haldinn í Svíþjóð dagana 2. – 4. mars. Guðlaugur hafði setið fundinn ásamt þeim Sigbirni Björnssyni og Þovaldi Kristjánssyni en nokkuð á annaðhundrað manns sat fundinn sem talinn var sá fjölmennasti frá upphafi FEIF.

Ekki lágu neinar beinar tillögur frá kynbótageiranum fyrir aðalfundinum en almennt voru samþykktar tillögur um að styðja rannsókn á járningum og fótábúnaði sem háskólinn í Zürich í Sviss og hrossaspítalinn í Vejle í Danmörku standa að. Megin tilgangurinn er að kanna hvort núverandi reglur FEIF varðandi járningar keppnis og sýningahrossa eru fullnægjandi til að tryggja heilbrigði hrossanna. Söfnun gagna mun m.a. fara fram á landsmóti í Reykjavík.

Einnig hefur FEIF ákveðið að árið 2012 skuli tileinkað góðri reiðmennsku.

Á ræktunarleiðtogafundinum var að venju ýmislegt tekið til umræðu s.s. nýr reglugerðapakki FEIF (FEIF Task Force), samræming dómaaðstöðu á kynbótasýningum, hugmyndir að alþjóðlegum ræktunarfundi á haustdögum og nauðsyn á því að "Hestatorgið" verði starfrækt á landsmóti. Beislabúnaður kynbótahrossa var allmikið ræddur en ekki talin ástæða til að breyta reglum þar um. Að lokum voru unghrossadómar ræddir út frá mörgum sjónarmiðum.

Guðlaugur kynnti með hvaða hætti áverkaskráning og eistnaskoðun færi fram á Íslandi og lýstu ræktunarleiðtogarnir vilja til að aðrar þjóðir fetuðu sig inn á sömu braut.

Guðlaugur sagði einnig frá hugmyndum sem verið hefðu í umræðunni á Íslandi varðandi útfærslu yfirlitssýningar á landsmóti í Reykjavík. Það sjónarmið kom fram hjá erlendu ræktunarleiðtogunum að þeir teldu ekki gott að Íslendingar færðu yfirlitssýningu inn á hringvöll, auðveldara væri að ríða hrossunum á hringvelli en beinni braut og myndi breytingin hafa í för með sér að kröfur yrðu háværar erlendis um að farin yrði sama leið þar og þá almennt á öllum kynbótasýningum.

Sigbjörn Björnsson og John Siiger Hansen voru endurkjörnir í dómaranefnd FEIF og ákveðið var að fjölga um tvö fulltrúa í ræktunarnefni FEIF og voru þau Inge Kringeland frá Noregi og Sussie Lund Lindberg frá Svíþjóð kosin í nefndina.

4. Fundarferð Kristins og Guðlaugs.

Kristinn og Guðlaugur höfðu að venju farið um landið og haldið átta fundi með hrossaræktendum. Með í för að þessu sinni var Lárus Hannesson formaður gæðingadómarafélags LH. Um 250 manns sóttu fundina og voru umræður líflegar og fjölbreyttar. Ekki komu fram nýjar hugmyndir að útfærslu kynbótasýningar á landsmótum en hugmynd Kristins Guðnasonar að útfærslu hlaut hvarvetna góðar undirtektir.

Guðlaugur fór lauslega yfir það helsta sem hann hafði bókað frá hverjum fundanna. Á Reykjavíkurfundinum kom fram ósk um að kynbótasýning yrði haldin á svæði Fáks á komandi vori og var af því tilefni afhentur listi með undirskriftum þar um. Þá komu fram tilmæli um að breytingar einkunna á yfirlitssýningum væru lesnar upp um leið og þær lögju fyrir.

Á Selfosfundinum var m.a. lögð áhersla á að áverkaskráning væri örugglega samræmd og einnig að æskilegt væri að birta allan listann yfir áverkaskráningar. Þá var rætt nokkuð um áhrif sæðinga og fósturvísaflutninga og félagsaðild og kosningarétt í félagskerfi hestamanna, erfðagalla og tímamörk í kynbótasýningum. Á Hvanneyrarfundinum var m.a. rætt að erfitt væri að finna eðlisgenga töltara sem hentuðu minna vönunum og dómar kynbótahrossa mættu aldrei snúast um verðmætamat. Þá kom fram sú skoðun að reyna mætti tímatöku við sýningar. Ekki voru undirtektir við bönn við notkun gallagripa í íslenskri hrossarækt en öll upplýsing væri af hinu góða.

Í Ljósveitningabúð urðu talsverðar umræður um kynbótasýningar á landsmótum og nauðsyn á góðu utanumhaldi svo vel gengi og sýningarnar yrðu áhorfendavænni.

Á Sauðárkróki komu fram óskir um að skráning uppruna hrossa í sýningarskrám yrði nákvæmari hvað varðaði sveitarfélög. Þá var talsvert rætt um sköpulagsdóma og breytingar á þeim milli ára á sömu hrossum. Fram kom hugmynd um að verðlaunaafhending kynbótahrossa mætti fara fram strax eftir yfirlitssýningu og ekki þótt fundarmönnum ástæða til að hampa gallagripum hvað eistu og spatt varðaði. Á Blönduósi voru landsmótsmál mikið rædd svo og skráning áverka sem ekki væri nógu samræmd. Fram kom óánægja með að dómadagar væru oft á tíðum of langir. Fram kom að æskilegt væri að upphitunarsvæði kynbótahrossa á landsmótum væri vel afmarkað og í sjón og kallfæri frá sýningarstjórum. Þá væri rétt að taka harðar á að menn héldu sig innan 300 metra afmarkaðrar brautar og æskilegan fetsýningarkafli væri sjálfsagt að afmarka vel og sérstaklega.

Á Egilsstöðum kom margt til umræðu s.s. skipan fagráðs, gjaldskrá fyrir kynbótadóma, félagskerfið og vallaraðstæður. Þá var lýst óánægju með að aðeins hefðu verið tveir dómara á sýningum á Austurlandi undanfarin ár þó fjöldi hrossa hefði á endanum farið yfir 25 hross. Fundarmaður lýsti því einnig að hann teldi talsvert af of háum dómum t.d. á LM síðasta sumar.

Í Hornafirði ræddu menn um kynbótasýningar á landsmóti m.a. hvort sleppa mætti einhverjum gangtegundum, nauðsyn á upplestri einkunna á yfirlitssýningum og kynbótamat afkvæmahesta og öryggi þess. Þá var nokkur umræða um væntanlegt fjórðungsmót í Hornafirði 2013.

Lárus Hannesson hafði verði með í för á fimm fyrstu fundunum og hafði umræða hans um hörkumælingu valla og taktmælingar gangtegunda með nýrri tækni vakið talsverða athygli. Lárus taldi að mikill samhljómur væri milli gæðinga- og kynbótadóma ekki síst væru nýjustu breytingar á vægi eiginleikanna til framfara hvað keppni varðaði, enginn eiginleiki mætti vera síðri en annar ef topp árangur ætti að nást.

5. Kynbótasýning í Víðidal.

Óskir hafa komið fram um að kynbótasýning verði haldin í Víðidal í Reykjavík. Lagður var fram undirskriftalisti af þessu tilefni á fundi í Reykjavík eins og áður hefur komið fram. Í framhaldi af því ræddu Guðlaugur og Kristinn við fulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands og Hrossaræktarsambands Suðurlands og telja þeir ekki ástæðu til að breyta útgefni sýningaáætlun fyrir árið 2012. Fagrád ákvað að fara að þeirra tillögum, skv. venju um tillögur sýningahaldara og breyta ekki áður útgefni dagskrá og verði því ekki stefnt á kynbótasýningu í Víðidal á þessu vori.

6. Upplestur dómabreytinga á yfirlitssýningum.

Á nokkrum fundum í hringferð þeirra Kristins og Guðlaugs komu fram óskir í þá átt að breytingar á dómum á yfirlitssýningum yrðu lesnar upp þegar þær hefðu verið ákveðnar.

Eftir allmiklar umræður er það niðurstaða fagráðs að fleiri ókostir en kostir fylgi slíku fyrirkomulagi, einkum tefji það sýningarnar ef knapar bíða á brautarendum eftir mögulegum breytingum svo sem oft hefur gerst. Einkunnir skuli því ekki lesnar upp fyrr en eftir að hross eru farin úr braut og gildi sú regla fyrir allar sýningar.

7. Birting áverkaskráningar.

Allmiklar umræður höfðu orðið í fundarferðinni um birtingu á lista yfir áverkaskráningar og voru fleiri en færri á því að allan listann ætti að birta.

Fagrað er einhuga í að láta þá birtingu sem nú þegar hefur átt sér stað duga að sinni og áfram skuli send bréf til þeirra sem eru með flesta áverka. Ákveðið var að ræða frekari útfærslu á haustfundum hrossaræktenda og taka ákvörðun í framhaldi af þeim.

8. Innrömmun brautar, reið og reglur.

Talsverð umræða varð á haustfundum hrossaræktenda og á fundum í hringferð Kristins og Guðlaugs um túlkun vinnureglunar “Ef hrossi er riðið hvað eftir annað lengra en afmörkun brautar segir til um, getur það haft áhrif á vilja/geðslags einkunn” Þykir ýmsum sú vinnuregla ekki túlkuð nógu stíft af dómnefndum og hafi einstaka knapar komist upp með að ríða ítrekað lengra en afmörkuð braut segir til um, án þess að á því hafi verið tekið.

Fagrað vill beina því til dómara að þeir verði betur á tánum hvað varðar þetta atriði og einnig að þjálni sé metin betur að verðleikum í einkunn fyrir vilja og geðslag. Einnig var rætt um kröfur dómkerfisins um lengd spretta á skeiði og stökki og var ákveðið að taka það mál frekar til umræðu næsta haust.

9. Reglur varðandi erfðagalla.

Á fundahringferð var þetta efni tekið til umræðu og kynntar hugmyndir að reglum um meðferð slíkra gripa þ.e. að hestar með rautt T (sannarlega eistnagalla) og rautt S (spattaðir) séu ekki verðlaunaðir á kynbótasýningum né heldur hljóti þeir þátttökurétt á landsmótum.

Hugmyndirnar fengu góðar undirtektir á fundunum og að sú leið væri farin að banna ekki notkun þessara gripa en benda með enn virkari hætti á galla þeirra og óæskilega notkun. Enda væru þetta allt gripir sem ekki fengju notkunarleyfi ef fluttir væru úr landi með umrædda galla.

Guðlaugur hafði leitað álits Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hrossasjúkdóma á þessum reglum og tók hún undir réttmæti þessara reglna. Þó vildi hún bæta við á skoðunarlista eistna reiknireglu hvað varðaði mat á stærðarmun eistna. Þ.e. ef metinn er 50% stærðarmunur eða meira að rúmmáli þurfi að beita reiknireglunni $0,5233 \times L \times B \times H$ í cm. Sjá fagraðsmenn ekki aðra leið færa en að framkvæmd slíkrar mælingar þurfi að vera í höndum dýralæknis.

Niðurstaða fagraðs er að frá og með vorinu taki þær reglur gildi að hestar með eistnagalla sem jafngilda rauðu T eða með rautt S vegna spatts séu ekki verðlaunaðir á kynbótasýningum né heldur hljóti þeir þátttökurétt á landsmótum í einstaklingssýningum kynbótahrossa.

10. Kynbótasýning á landsmóti.

Rætt var um þær hugmyndir sem fram hafa komið varðandi kynbótasýningu á landsmóti í Reykjavík. Svo sem áður er nefnt hlaut tillaga Kristins Guðnasonar sem kynnt var á fundum hrossaræktenda á síðustu vikum hvarvetna góðar undirtektir. Guðlaugur dreifði gögnum um mögulegan fjölda kynbótahrossa á LM og áætlaða dagskrá ef tillaga Kristins gengi eftir. Tillagan gerir ráð fyrir að einstaklingssýnd kynbótahross verði dæmd mánudag, þriðjudag og miðvikudag á beinni braut á kynbótavelli við félagsheimili Fáks, þar fari einnig fram hefðbundin yfirlitssýning kynbótahrossa á miðvikudagskvöldi og á fimmtudegi.

Á föstudegi verði sýnd á aðalvelli til kynningar þau einstaklingsdæmdu hross sem ekki ná verðlaunasætum, þar verði þau fimm í holti og riðnir þrír hringir á hringvelli og ein ferð fram og til baka á beinni braut. Á föstudeginum verði einnig verðlaunaðir stóðhestar til 1. verðlauna fyrir afkvæmi í sætum 4 – 6 (áætlaður fjöldi).

Á laugardegi verði verðlaunaafhending 10 efstu hrossa í hverjum flokki einstaklingssýndra hrossa. Fyrst verði hross í sæti 6-10 sýnd saman, þá sýnd hross í 1-5 sæti og loks afhent verðlaun til 10 efstu sem fari svo beint af velli af því loknu. Þá eru stóðhestar í sætum 1 – 3 til 1. verðlaunaðir fyrir afkvæmi og loks allir heiðursverðlauna stóðhestar fyrir afkvæmi.

Fagráð er sammála þessari dagskrá.

Ákveðið er að ferðum við dóm skuli fækkað úr tíu í átta á beinni braut en yfirlitssýning verði hefðbundin með sex ferðum. Dómur á feti miðist við merktan 100 metra kafla brautarinnar næst dómhúsi.

Þá var ákveðið að stefna á prófun nýja fyrirkomulagsins og tímamælingum á vallarsvæðinu í Víðidal nokkru fyrir mótið. Mikilvægt er fara yfir alla verkferla kynbótahluta landsmótsins og skipuleggja framkvæmdina í þaula.

11. Önnur mál.

- a) Gjaldskrá fyrir kynbótadóma sem samþykkt var af fagráði á desemberfundi hlaut samþykki Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þann 12. mars síðastliðinn og hefur því tekið gildi.
- b) Guðlaugur hefur nú lokið við að raða kynbótadómurum niður á sýningar ársins og var yfirliti þar um dreift á fundinum.
- c) Guðlaugur greindi frá að árlegur umræðu og samræmingar fundur kynbótadómara yrði á Miðfossu þriðjudaginn 3. apríl næstkomandi.

Fleira ekki tekið fyrir,
fundi slitið kl. 15:00.

Guðlaugur V. Antonsson
ritari fagráðs í hrossarækt.